

	Flutt kr.	95957,42
5. Kostnaður við bankahaldið (laun o. fl.) . . . . .	—	1681,00
6. Ýmisleg útgjöld . . . . .	—	127,19
7. Sent Landmandsbankanum . . . . .	—	881,40
8. Í sjóði 30. sept. p. á. . . . .	—	169410,57
	Alls kr.	268057,58

*Athugasemdir :*

Hinn 30. septbr. átti bankinn

1. Skuldabryf fyrir lánum:		
a. Fasteignarveðskuldabryf . . . . .	kr. 599386,70	
b. Sjálfskuldarábyrgðarskuldabryf . . . . .	— 26541,68	
c. Handveðskuldabryf . . . . .	— 23965,00	
d. Skuldabryf bæja- og sveitarfjelaga o. fl. . . . .	— 15479,55	kr. 665372,93
2. Önnur skuldabryf:		
a. Konungleg ríkisskuldabryf . . . . .	kr. 101200,00	
b. skuldabryf Reykjavíkurkaupstaðar . . . . .	— 1600,00	— 102800,00
3. Vixla . . . . .		— 20430,00
4. Ávisanir . . . . .		— 775,00
5. Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánum að upphæð . . . . .		— 3100,00
6. Hjá Landmandsbankanum . . . . .		— 1088,52
7. Í sjóði . . . . .		— 169410,57
	Samtals kr.	962977,02

Landsbankinn hefur fengið í seðlum frá landssjóði til 30. sept. p. á. . . . .	—	430000,00
Eign varasjóðs bankans 31. des. 1888 . . . . .	—	45289,81
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur 30. sept. 1889 . . . . .	—	26058,73
Ýmsar tekjur, sem enn eru eigi orðnar eign varasjóðs bankans kr. 31370,82		
að frádregnum ýmsum kostnaði <sup>17</sup> / <sub>100</sub> 89 . . . . .	— 1867,17	— 29503,65
Sparisjóðsinnlög innistandandi í bankanum 30. sept. p. á. . . . .		— 432124,83
	Samtals kr.	962977,02

Stjórn landsbankans, Reykjavík 12. okt. 1889.

*L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetusson. Eiríkur Briem.***Ágrip**

af fundargjörðum amtsráðsins í Suðuramtinu, dagana frá 27. til 29. júní 1889.

Árið 1889, hinn 27. júnímánaðar, átti amtsráðið í Suðuramtinu fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í Suðuramtinu. Á fundinum voru: amtmáðurinn í Suðuramtinu, amtsráðsmaður Ísleifur prestur Gíslason í Arnarbæli og vara-amtsráðsmaður Sæmundur prófastur Jónsson í Hraungerði.

Þessi málefni komu þar til umræðu:

1. Forseti lagði fram
  - a, reikning um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir árið 1888.
  - b, reikning um búnaðarskólagjaldið í Suðuramtinu fyrir árið 1888, og
  - c, leigulíðasjóðsreikning Suðuramtsins fyrir árið 1888; voru reikningar þessir yfirfarnir, og fannst ekkert athugavert við þá.

2. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga :
- a, fyrir Austur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1888,
  - b, — Vestur-Skaptafellssýslu fyrir sama ár,
  - c, — Vestmannaeyjasýslu fyrir sama ár, og
  - d, — Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir árið 1887; reikningurinn fyrir árið 1888 er ókominn, og væntir amtsráðið, að reikningurinn verði framvegis sendur í tæka tíð, að viðlögðum sektum ef út af ber.

Við þessa reikninga fannst ekkert að athuga.

- e, fyrir Rangárvallasýslu fyrir árið 1888. Við þennan reikning athugast, að með því að amtsráðinu virðist óskiljanlega margir dregnir úr verkfærralistunum, sem eru á þeim aldri, er lögin ákveða, og naumast muni, eptir þeim kunnugleika, sem amtsráðið hefur, vera ástæða til, að sleppa nærri því öllum þeim 51, sem athugasemdir við listana sýna, að felldir hafa verið úr, vill amtsráðið benda til, að hagkvæmara muni vera, að verkfærralistarnir sju sendir sýslumanni áður en sýslunefndin heldur aðalfund sinn, svo að þeir verði rannsakaðir og úrskurðaðir af sýslunefndinni í heild sinni, en ekki af sýslumanni einum, og er amtsráðinu kunnugt, að svo er gjört annarstaðar í amtinu, og hefur þótt gefast vel.
- f, fyrir Árnessýslu fyrir árið 1888. Við þennan reikning athugast, að ekki er enn búið að færa sýsluvegasjóðnum til inntektar þær 13 kr., sem ranglega voru borgaðar af vegasjóði 1886 fyrir ferðir á undirboðsþing, og ekki hafa heldur sýslusjóðnum verið færðar til útgjalda þær 2 kr., sem ritfangalaun til hreppstjóra voru vantalin um í reikningnum fyrir árið 1887 (sbr. athugasemdir amtsráðsins. Stjórn tíð. 1888 B. bls. 86).

- g, fyrir Borgarfjarðarsýslu fyrir árið 1887. Við þennan reikning finnst þetta athugasemdi, að það er svo langt frá því, að athugasemdum amtsráðsins við reikninginn fyrir 1886 hafi verið gaumur gefinn, að því er snertir innheimtu á úti-standandi vegagjaldi, að hinar úti-standandi upphæðir þvert á móti hafa aukizt að mun þetta ár, svo að ýmsir hreppar hafa að öllu leyti bætt við skuld sína vegagjaldinu fyrir árið 1887. Þetta virðist amtsráðinu svo óhæfileg og lögum mótstríðandi aðferð, að það hlýtur stranglega að leggja fyrir sýslumanninn að kippa þessu í lag hið bráðasta, og vill benda honum á, að sektum mun verða beitt, ef þessari fyrirskipun ekki þegar er hlýtt; jafnframt getur amtsráðið ekki leitt hjá sjer, að lýsa furðu sinni yfir, að hlutaðeigandi sýslunefnd skuli umtölulaust hafa látið þetta viðgangast ár eptir ár. Enn fremur athugasemdi að nokkur fylgiskjöl vantar með sýslusjóðsreikningnum.

Að síðustu getur amtsráðið þess, að reikninginn fyrir árið 1888 vantar enn, og væntir þess, að framvegis verði reikningurinn fyrir hvert ár sendur í tæka tíð, eins og lög fyrirskipa, að viðlögðum sektum, ef út af ber.

3. Forseti lagði fram eptirrit þau af fundarbókum sýslunefnda, er nú skal greina :
- a, úr Austur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 25. apríl 1889.
  - b, — Vestur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 15. maí s. á.
  - c, — Rangárvallasýslu, fundargjörðir 28. sept. og 22. des. 1888, og 7.—8. maí 1889.
  - d, úr Árnessýslu, fundargjörðir 8. okt. 1888 og 23.—26. apríl 1889.

109

- e, úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, fundargjörðir 3. nóv. 1888 og 23. maí 1889.  
 f, — Borgarfjarðarsýslu, fundargjörðir 19. des. 1888. Fundargjörðir aðalfundarins 1889 voru ekki komnar.

Við framanskriafaðar fundargjörðir var ekkert að athuga.

- g. úr Vestmannaeyjasýslu, fundargjörðir 8. ágúst 1889. Við þær athugast, að þar sem það sjest á þessum fundargjörðum, að sýslunefndin hefur samið reglugjörð um starfsvið hinna 2 yfirsetukvenna í Vestmannaeyjum, þá hefur amtmaður með brjefi 5. sept. f. á. fellt hana úr gildi, og samþykkti amtsráðið það. Við framlagðar fundargjörðir 13. ágúst 1888 og 27. febr. og 6. júní 1889 fannst ekkert athugavert.
4. Amtsráðið leggur til, að þessum búnaðarfjelögum verði veittur styrkur af fje því, sem veitt er með fjárlaganna 10. gr. C. 4. c.:
- |    |   |               |
|----|---|---------------|
| a, | til búnaðarfjelds Suðuramtsins . . . . .  | 2000 kr.      |
|    | með því skilyrði, að 500 kr. þar af verði varið til framhalds vatnsveitinga á sandana milli Skaptár og Geirlandsár. |               |
| b, | til framfarafjelds Hornfirðinga og Lónsmanna . . . . .  | 100 —         |
| c, | — búnaðarfjelds Borgarhafnarhrepps . . . . .  | 50 —          |
| d, | — — — — — Örfinga . . . . .   | 50 —          |
| e, | — — — — — Hvolshrepps . . . . .   | 50 —          |
| f, | — — — — — Grímsnesshrepps . . . . .   | 150 —         |
| g, | — — — — — Biskupstungnahrepps . . . . .   | 50 —          |
| h, | — — — — — Hrunamannahrepps . . . . .  | 50 —          |
| i, | — — — — — Sandvíkurhrepps . . . . .   | 100 —         |
| j, | — — — — — Ölvshrepps . . . . .  | 80 —          |
| k, | — — — — — Mosfells- og Kjalarnesshrepps . . . . .   | 30 —          |
| l, | — — — — — Seltjarnarnesshrepps . . . . .  | 50 —          |
| m, | — — — — — Reykholtisdalshrepps . . . . .  | 50 —          |
| n, | — — — — — Andakílshrepps . . . . .  | 25 —          |
| o, | — — — — — Leirár- og Melahrepps . . . . .   | 35 —          |
| p, | — — — — — Skorradalshrepps . . . . .  | 30 —          |
| q, | — — — — — Skilmannahrepps . . . . .   | 100 —         |
|    |   | Alls 3000 kr. |
5. Lögð var fram beiðni frá sýslumanni Stefáni Bjarnarsyni í Gerðiskoti og Guðmundi hreppstjóra Ísleifssyni á Stóru-Háeyri, dags. 21. p. m., um 150 kr. styrk af jafnaðarsjóði, til endurgjalds byggingu á fangaklefa á Eyrarbakka, ef aðrar 150 kr. fáist annarsstaðar frá. Amtsráðið vill veita til þessa 100 kr. af jafnaðarsjóði, ef hin upphæðin, 200 kr., verður veitt úr landssjóði af alþingi því, er nú þegar kemur saman. Að öðru leyti vill amtsráðið taka fram, að það er heimildarlaust, að sýslumaður hefur borgað úr sýslusjóði til þessarar byggingar 200 kr., áður en skilyrðum þeim var fullnægt, er sýslunefnd og amtsráð höfðu sett, og ber því að endurborga sýslusjóði tjeða upphæð, ef þessum skilyrðum verður eigi fullnægt.
6. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 12. p. m., þar sem hann biður um staðfestingu amtsráðsins á meðfylgjandi reglugjörð um notkun afrjetta, rjettahöld o. fl., og felur amtsráðið forseta að skoða hana og staðfesta, ef ekkert sje því til fyrirstöðu af laganna hálfu.

## 7. Forseti lagði fram brjef frá :

- a, oddvita sýslunefndar Austur-Skaptafellssýslu.
- b, ——— ——— Vestur-Skaptafellssýslu.
- c, ——— ——— Rangárvallasýslu.
- d, ——— ——— Árnessýslu.
- e, ——— ——— Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- f, ——— ——— Borgarfjarðarsýslu.

um, hvar sýsluvegir skuli vera í sýslunum, samkvæmt fyriræmum laga 10. nóv. 1887, og samþykkti amtsráðið uppástungur sýslunefndanna.

- 8. Forseti lagði fram tillögur frá sýslunefndunum um, hvar aðalþótleið skuli liggja um sýslurnar, og voru þær komnar frá öllum sýslunum nema Gullbringu- og Kjósarsýslu. Voru þessar tillögur samþykktar af amtsráðinu.
- 9. Forseti lagði fram skýrslur frá öllum sýslunefndum í amtinu um, hvar mestar sjeu torfærur á aðalþóstvegum, og fann amtsráðið ekkert við þær að athuga.
- 10. Forseti tilkynnti amtsráðinu úrskurð landshöfðingja, dags. 20. apríl p. á., sem fellir úr gildi þá ályktun sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1884, er ákvað að veita skyldi af sýslusjóðnum 150 kr. styrk til Flensborgarskólans (sbr. aðalfund amtsráðsins 4. júní 1885, tölulið 4. b. og g.).
- 11. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu, sem biður um, að veittar verði af landssjóði allt að 200 kr. til framhalds á vegagjörð á aðalþóstvegum á Lónsheiði, og vildi amtsráðið mæla með því, að þessi upphæð fái.
- 12. Forseti lagði fram brjef frá kvennaskólanefndinni í Reykjavík, dags. 1. júní p. á., ásamt töflu yfir einkunnir í síðastliðnu vorprófi, annað brjef frá nefndinni, dags. s. d., um að kvennaskólanum verði veittur fyrir næstliðið og yfirstandandi ár 200 kr. hvort árið, og loks skýrslu um kvennaskólann í Reykjavík frá 1. okt. 1888 til 14. maí 1889. Hvað viðvíkur styrkveitingu fyrir hið fyrra ár, hlýtur amtsráðið að standa við svar sitt til forstöðunefndarinnar á fundi sínum 10. okt. f. á., tilkynnt nefndinni daginn eftir; en fyrir yfirstandandi ár veitir amtsráðið kvennaskólanum 100 kr. af jafnaðarsjóðnum.
- 13. Forseti skýrði amtsráðinu frá, að landlæknirinn yfir Íslandi hafi 23. febr. p. á. skrifað amtinu, og beiðst þess, að veittar verði úr jafnaðarsjóði Suðuramtsins 50 kr. fyrir bóluefni, er landlæknirinn hafi útvegað erlendis frá. Með því að amtsráðinu er ekki annað kunnugt, en að landlæknirinn eigi heimtingu á, eftir gildandi lögum og ákvörðunum um bólusetningar, að fá árlega nægilegt bóluefni frá heilbrigðisráðinu í Kaupmannahöfn, að því leyti það er ekki fánlegt hjer á landi, vildi amtsráðið ekki að svo stöddu leggja þetta gjald á jafnaðarsjóðinn.
- 14. Forseti lagði fram brjef frá Oddi presti Gíslasyni á Stað, dags. 10. apríl p. á., þar sem hann biður um endurgjald af jafnaðarsjóði fyrir ferðalög sín og störf næstliðinn vetur í því skyni, að glæða hjá sjómönnum áhuga á, að sjá betur lífi sínu borgið, og leiðbeina þeim í, að bæta og efla atvinnu sína, og fylgdi þessu brjefi skýrsla um ferðalög hans og framkvæmdir í þessu skyni. Amtsráðið veitti honum af jafnaðarsjóði 300 kr.
- 15. Amtsráðið samdi og samþykkti reglugjörð fyrir hinn nýstofnaða búnaðarskóla á Hvanneyri.

- 109 16. Amtsráðið fól forseta, að reyna að útvega nokkurn styrk frá Rangárvalla- og Gullbringu sýslum og Reykjavíkurbæ til árlegs viðhalds og kostnaðar við sæluhúsið á Kolviðarhóli.
17. Amtsráðið veitti hinn vanalega 100 kr. styrk af jafnaðarsjóði til sæluhússvarðarins á Kolviðarhóli, Jóns Jónssonar, og fól það jafnframt forseta að semja við hann um kaup á bæ þeim, er hann hefur byggt þar sjálfur og er hans eign, þar eð sæluhúsið sjálft hefur sýnt sig að vera alveg ónógt, til að hýsa allan þann ferðamannafjölda, er sækir þar að.
18. Því næst var rædd og samin áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir árið 1890, svolátandi:

## Tekjur.

1. Eptirstöðvar 1889 . . . . .	1500 kr.
2. Niðurjöfnun . . . . .	2250 —
	Alls 3750 kr.

## Gjöld.

1. Til bólusetningar og annara heilbrigðismála . . . . .	600 —
2. — ferðakostnaðar . . . . .	200 —
3. — kennslu heyrnar- og málleysingja . . . . .	» —
4. — sáttamála . . . . .	50 —
5. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	200 —
6. Ýmisleg gjöld . . . . .	1200 —
7. Eptirstöðvar . . . . .	1500 —
	Alls 3750 kr.

Síðan var fundarbókin upp lesin og fundi slitið 29 júní.

E. Th. Jónassen Ísl Gíslason Sæm Jónsson

Reykjavík h. 4. okt. 1889.

E. Th. Jónassen.

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu 3.—5. júní 1889.

Ár 1889, 3. dag júnímán., var aðalfundur amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu settur á Akureyri og haldinn af amtmanni J. Havsteen, forseta amtsráðsins, ásamt amtsráðsmanni Einari umboðsmanni Ásmundssyni í Nesi og varaamtsráðsmanni Ólafi umboðsmanni Briem á Álfgeirsvöllum.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Framlagðir voru eptirfylgjandi reikningar fyrir 1888 yfir tekjur og gjöld ýmsra sjóða, sem standa undir umsjón amtsráðsins.
  - a. Búnaðarsjóðs Norður- og Austuramtsins,
  - b. Búnaðarskólasjóðs Norður- og Austuramtsins,
  - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað,
  - d. Gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar til fátækra í Vallanessókn.
  - f. Prentsmiðjusjóðs Norður- og Austuramtsins. Amtsráðið fann það að athuga við